

Stýrihópur um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra

Áfangaskil í nóvember 2019.

Tillögur sem snúa að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar.

1. Yfirferð yfir starf hópsins

Stýrihópur um aðgerðir gegn sárafátækt barna og fjölskyldna þeirra var skipaður af sviðsstjóra velferðarsviðs Reykjavíkurborgar í mars 2019.

Í hópnum sitja:

Elín Oddný Sigurðardóttir, fulltrúi velferðarráðs, formaður.

Hjálmar Sveinsson, fulltrúi velferðarráðs.

Sanna Magdalena Mörtudóttir, fulltrúi velferðarráðs.

Sigrún Skaftadóttir, deildastjóri á Þjónustumiðstöð Vesturbæjar, Miðborgar og Hlíða.

Erla Björg Sigurðardóttir, deildarstjóri á skrifstofu velferðarsviðs (frá apríl - ágúst 2019)

Kristjana Gunnarsdóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu velferðarsviðs (frá sept. 2019).

Ásta Dís Guðjónsdóttir, fulltrúi samtakanna Pepp Ísland.

Bjarki Þór Baldvissón, mannauðsráðgjafi á skrifstofu velferðarsviðs, er verkefnastjóri hópsins.

Í erindisbréfi kemur fram að markmið með stofnun stýrihópsins er að móta aðgerðir til að sporna við sárafátækt hjá börnum og fjölskyldum þeirra. Samkvæmt erindisbréfinu er stýrihópnum falin eftirfarandi verkefni;

1. **Yfirfara reglur** og úrræði á vegum velferðarsviðs til að koma í veg fyrir sárafátækt.
2. Leggja fram tillögur um markmið, aðgerðir (*t.d. breytingar á reglum*), frekari úrræði eða annað sem stutt getur íbúa Reykjavíkur sem búa við sárafátækt.
3. Aðgerða- og tímaáætlun.
4. Kostnaðarreikna allar tillögur og aðgerðir.
5. Annað sem hópurinn telur skipta máli.

Stýrihópurinn hefur fundað 14 sinnum frá því í apríl 2019. Stýrihópurinn hefur fengið til sín gesti á fundi sína til að dýpka á skilningi varðandi þau umfjöllunarefni sem snerta vinnu hópsins. Nánar verður gert grein fyrir þeim gestum sem komið hafa í lokaskýrslu stýrihópsins. Samkvæmt erindisbréfi var hópnum falið að styðjast við nýlega skýrslu velferðarvaktarinnar um líf skjör og fátækt barna á Íslandi 2004-2016 sem gefin var út 2019. Hópurinn átti líka að líta til kortlagningar á þjónustu við börn forráðarmanna með fjárhagsaðstoð til framfærslu í sex mánuði eða lengur sem gerð var 2018 ásamt skýrslu frá 2017 um líðan barna foreldra á fjárhagsaðstoð. Einnig hefur hópurinn stuðst við fjölmargar rannsóknir og úttektir sem verða gerð betri skil í lokaskýrslu hópsins.

Þar sem hópnum er meðal annars falið að koma með tillögur að breytingum á reglum velferðarsviðs sem stutt geta við börn sem búa við sárafátækt taldi stýrihópurinn nauðsynlegt að skila áfangaskýrslu sem inniheldur tillögur að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg, þar sem endurskoðun þeirra stendur yfir á velferðarsviði.

Ljóst er að stýrihópnum hefur verið falin mörg og víðtæk verkefni sem mun taka tíma að ná utan um. Þó hefur umræðan um framfærslu verið áberandi, enda er framfærsla og framkvæmd hennar mikilvægur þáttur í að koma í veg fyrir að börn búi við sárafátækt.

Í áfangaskilum þessum mun stýrihópurinn því einungis greina frá þeim tillögum sem snúa að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar sem brýnt er að rati inn í yfirstandandi endurskoðun á reglum um fjárhagsaðstoð sem nú fer fram á velferðarsviði.

2. Núverandi reglur um fjárhagsaðstoð

Reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg skiptast í fjóra megin kafla. Í fyrsta kafla er kveðið á um almenn atriði s.s. inntak fjárhagsaðstoðar, framfærsluskyldu o.fl. Í öðrum kafla er fjallað um umsóknir um fjárhagsaðstoð og meðferð þeirra. Þriðji kafla er um rétt til fjárhagsaðstoðar, mat á fjárþörf og útreikning fjárhagsaðstoðar. Þar er m.a. kveðið á um rétt einstaklinga til fjárhagsaðstoðar til framfærslu að tilteknum ákveðnum skilyrðum, t.d. er varðar tekjur og eignir. Í fjórða kafla eru tilteknar ákveðnar heimildir vegna sérstakra aðstæðna, s.s. aðstoð til foreldra vegna barna á þeirra framfæri (16. gr.), greiðsla sérfræðiaðstoðar, áfallaðstoð o.fl.

Ákvörðun um veitingu aðstoðarinnar er háð tilteknum skilyrðum hverju sinni og leggja ráðgjafar þjónustumiðstöðva mat á hvort veita skuli aðstoð á grundvelli þessara **heimildargreiðslna** eins og þær eru nefndar í daglegu tali á þjónustumiðstöðvum borgarinnar. T.d. er heimilt samkvæmt 27. gr. að veita sérstaka aðstoð vegna stuðningsvinnu og/eða annarra sérstakra aðstæðna til einstaklinga/foreldra þegar verið er að veita markvissan stuðning og tryggja þann ávinning sem hefur unnist enda sé það hluti af umfangsmikilli stuðningsáætlun. Fimti kafla fjallar síðan um málsmeðferð sbr. ákvæði stjórnsýslulaga.

Núverandi reglur um fjárhagsaðstoð frá Reykjavíkurborg voru samþykktar í velferðarráði 17. nóvember 2010 og borgarráði 25. nóvember sama ár. Frá þeim tíma hafa verið gerðar allnokkrar breytingar á reglunum, en eins og fyrr segir stendur nú yfir endurskoðun á þeim.

Stýrihópurinn telur brýnt að við þá endurkoðun verði sérstaklega hugað að stöðu barna hjá þeim fjölskyldum sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda. Í núverandi reglum er heimilt að koma til móts við þarfir barna með sérstakri fjárhagsaðstoð skv. 16. gr. og 27. gr.

Grein 16. a kveður á um að heimilt sé að veita foreldrum sérstaka fjárhagsaðstoð þá mánuði sem þeir fá greidda fjárhagsaðstoð til framfærslu: „Um er að ræða aðstoð til að greiða áfallandi greiðslur fyrir daggæslu barns í heimahúsum, leikskóla, skólamáltíðir, frístundaheimili, sumardvöl og/eða þátttöku barns í þroskandi félags- og tómstundastarfi. Ætíð skal vera um tímabundna aðstoð að ræða sem sætir endurskoðun á sex mánaða fresti. Viðmiðunarmörk aðstoðar með hverju barni eru að hámarki 16.154 kr. á mánuði. Skilyrði fyrir aðstoð samkvæmt þessum lið er að umsækjandi nýti sér fyrst rétt sinn samkvæmt frístundakorti og þjónustutryggingu leikskóla“.

Aðstoðin er framkvæmd með þeim hætti að foreldrar þurfa að leggja út fyrir kostnaði og sækja síðan um endurgreiðslu. Samkvæmt lykiltölum velferðarsviðs fengu 51% þeirra 379 foreldra samþykka fjárhagsaðstoð á grundvelli 16. gr.a. á tímabilinu janúar - júní 2019 en einungis 41% nýttu þá aðstoðina. Ein ástæða þess að fleiri foreldrar hafa ekki nýtt sér aðstoðina má mögulega rekja til núverandi framkvæmdar. Fulltrúar notenda fjárhagsaðstoðar hafa einnig bent á að sú framkvæmd að þurfa að leggja út fyrir kostnaði sé mikil hindrun fyrir foreldra í mjög slæmri fjárhagslegri stöðu.

3. Tillögur stýrihópsins sem snúa að breytingum á reglum um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar

Stýrihópurinn leggur til að heimild til stuðnings börnum verði skýr réttur. Aðstoðin verði greidd þá mánuði sem foreldri fær framfærslu og skal mæta kostnaði vegna dvalar barna í leikskóla í allt að átta tíma á dag og á frístundaheimili fimm daga í viku auk greiðslu kostnaðar vegna skólamáltíða. Gert er ráð fyrir að aðstoðin verði greidd beint til skóla- og frístundasviðs. Með því móti er tryggt að aðstoðin nýtist að fullu börnum þeirra foreldra sem þurfa á fjárhagsaðstoð að halda.

Heimilt verði eftir sem áður að koma til móts við þarfir foreldra barna með sérstakri fjárhagsaðstoð sem kveðið er á um í 16. gr. og 27. gr. fjórða kafla reglnanna.

Markmið tillagna í áfangaskilum:

Að við endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð verði sérstakt tillit tekið til barna notenda fjárhagsaðstoðar og greitt fyrir ákveðna þjónustu óháð efnahag foreldra.

Mælikvarði: Að greitt verði fyrir 8 tíma leikskóladvöl, dvöl á frístundaheimili 5 daga í viku auk síðdegishressingu og skólamáltíðir fyrir börn notenda fjárhagsaðstoðar. Þjónustugreiðslur þessar birtast sem sjálfkrafa réttur notenda og fari beint í að tryggja börnum þessa mikilvægu þjónustu. Komið verði á frítekjumarki vegna tekna fyrri mánaða þegar umsókn um fjárhagsaðstoð berst og að ekki þurfi að fullnýta frístundakort til að eiga rétt á sérstökum greiðslum vegna barna.

Tillaga 1: Að útreikningar liggja til grundvallar þegar upphæðir fjárhagsaðstoðar til framfærslu eru ákvarðaðar í velferðarráði hverju sinni. Meðal gagna verði samanburður á þróun örorku, atvinnuleysisbóta og fjárhagsaðstoðar til framfærslu sem nýta megi við þá vinnu.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa fjármála og reksturs.

Tímaáætlun: 2020

Kostnaður: Ákvarðaður í fjárhagsáætlun hvert ár.

Tillaga 2: Að komið verði á þjónustugreiðslum fyrir börn notenda fjárhagsaðstoðar sem nýta megi til greiðslu fyrir allt að 8 tíma dvöl á leikskóla, dvöl á frístundaheimili 5 daga í viku auk síðdegishressingar ásamt skólamáltíðum. Um réttindagreiðslur verði að ræða.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa ráðgjafapjónustu.

Tímaáætlun: 2020

Kostnaður: Viðbótarkostnaður áætlaður um 35-40 milljónir á ári.

Tillaga 3: Reglum um fjárhagsaðstoð verði breytt þannig að ekki þurfi að fullnýta frístundakort til að eiga rétt á heimildagreiðslum skv. 16. a né þjónustugreiðslum.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa ráðgjafapjónustu.

Tímaáætlun: 2020.

Kostnaður: Heildarkostnaður fer ekki yfir 5 milljónir á ári.

Tillaga 4: Framkvæmd ákvæðis um skerðingar á grunnfjárhæð fjárhagsaðstoðar (3.gr reglna) verði þannig að það bitni ekki á börnum sem búa við sárafatækt.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa ráðgjafapjónustu.

Tímaáætlun: 2020.

Kostnaður: Innan ramma.

Tillaga 5: Að sett verði frítekjumark upp að kr. 300.000 á tekjur fyrri mánaðar þegar komið er inn á fjárhagsaðstoð, t.d. af endurhæfingarlífeyri eða atvinnuleysisbótum.

Ábyrgðaraðilar: Skrifstofa ráðgjafarþjónustu.

Tímaáætlun: 2020.

Kostnaður: Kostnaðarmat fer fram samhliða þeirri endurskoðun á reglum á fjárhagsaðstoð sem nú stendur yfir á sviðinu.

4. Framhaldið

Ljóst er að tillögur þær sem hér eru lagðar fram eru aðeins lítil hluti þeirrar vinnu sem fram fer í stýrihópnum enda eru þau verkefni sem honum voru falin umfangsmikil. Stýrihópurinn mun vinna áfram að þeim verkefnum sem honum voru falin skv. erindisbréfi og skila lokaskýrslu sinni svo fljótt sem auðið er. Mikilvægt er að í yfirstandandi vinnu við endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð Reykjavíkurborgar sem nú fer fram á velferðarsviði, verði sérstaklega hugað að hagsmunum barna notenda fjárhagsaðstoðar en gögn sýna að um sérstaklega berskjaldaðan hóp í samfélaginu er að ræða.

Lagt er til að tillögnum verði vísað áfram til þeirrar vinnu sem nú stendur yfir við endurskoðun reglna um fjárhagsaðstoð á velferðarsviði Reykjavíkurborgar.

F.h hópsins, Elín Oddný Sigurðardóttir, formaður.